

Miðvikudaginn 17. janúar 1962.

Nr. 124/1961. Vátryggingafélagið h/f

(Einar Ásmundsson hrl.)

gegn

Sveini Bergmann Bjarnasyni og gagnsök

(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor
Ármann Snævarr.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. júlí 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. s. m. og kraf-
izt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og svo málskostnaðar úr
hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. júlí
1961, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. s. m. og
krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum
kr. 83.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. apríl 1960 til 29.
desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðslu-
dags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að
staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagn-
áfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Vátryggingafélagið h/f, greiði gagn-
áfrýjanda, Sveini Bergmann Bjarnasyni, málskostnað
fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að
lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. febrúar 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. janúar, hefur Sveinn Bergmann Bjarnason bifreiðarstjóri, Seljavegi 5 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. september 1960, gegn Vátryggingafélaginu h.f., Klapparstíg 26 hér í bæ, til greiðslu á kr. 137.000.00 með 11% ársvöxtum af kr. 83.000.00 frá 1. apríl 1960 til greiðsludags og af kr. 54.000.00 frá 22. september s. á. til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara krafðist hann þess við munnlegan flutning málsins, að hann yrði aðeins dæmdur til að greiða $\frac{3}{4}$ hluta af kr. 83.000.00 og að upphæðin 54.000.00 verði lækkuð verulega.

Samkomulag er með aðiljum málsins, að ganga fram hjá sátta-nefnd, og sáttatilraun fyrir dóminum hefur reynzt árangurslaus.

Málavextir eru svofelldir:

Stefnandi í þessu máli er leigubifreiðarstjóri að atvinnu. Átti hann fólksflutningabifreiðina R 6750, sem er Kaiser gerð, smíðað árið 1954, og ók henni frá bifreiðastöðinni Hreyfli hér í bæ. Bifreið þessa hafði stefnandi kaskó-tryggð hjá stefnda fyrir kr. 90.000.00. Stefnandi hafði síðast greitt vátryggingariðgjald sitt hinn 14. janúar 1960, og gildi sú greiðsla fyrir tímabilið frá 2. janúar 1960 til 2. apríl 1960.

Að kveldi föstudagsins hinn 18. marz 1960 lagði stefnandi bifreið sinni á bílastæðið milli Safnhússins og Arnarhvals.

Bifreiðina lét stefnandi síðan standa á nefndu bílastæði í nokkra daga. Er hann hugðist sækja hana til aksturs skömmu fyrir hádegi hinn 23. marz, var hún horfin. Stefnandi fór þá niður að bifreiðastöðinni Hreyfli og spurðist fyrir um, hvort nokkur þar hefði séð bifreiðina. Frétti hann þá, að kunningi hans, Guðbjartur Pálsson, Eskihlíð 16B hér í bæ, hefði spurt eftir honum þar. Skömmu síðar náði stefnandi sambandi við Guðbjart þennan, sem tjáði honum, að bifreiðin hefði sézt oltin uppi í Hvalfjarðarfjöru. Hringdi Guðbjartur fyrir stefnanda til Sveins Sæmundssonar yfirlögregluþjóns og tilkynnti honum þjófnað bifreiðarinnar. Sveinn sendi Guðmund Erlendsson rannsóknarlögreglumann með þeim stefnanda og Guðbjarti á staðinn, þar sem bifreiðin var sögð oltin. Er þeir koma upp í Hvalfjörð, þar sem heitir undir Múlafjalli, sjá þeir bifreiðina, þar sem hún liggur á hvolfi niðri í fjöru, í um það bil 35—40 metra fjarlægð

frá veginum, og mátti heita gerónýtt. Var bifreiðin svo dregin til Reykjavíkur af kranabíl frá Þungavinnuvélum h/f, og hefur hún verið geymd á vegum þess fyrirtækis síðan.

Fram hefur farið umfangsmikil rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu Reykjavíkur á því, hver valdur muni vera að verknaðinum, en ekki hefur tekizt að upplýsa það. Stefnandi hefur verið yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni og skýrt svo frá:

„Föstudaginn 18. marz ók ég bifreið minni síðast, því að á föstudagskvöld, um kl. 22.30, þá ákvað ég að fara á kendirí og lagði bifreiðinni á bílastæðið við Þjóðleikhúsið norðan við Safnhúsið. Ég læsti öllum hurðum á venjulegan hátt, en fór síðan út um framhurðina. Allar rúður voru uppi. Hurðarhún vantaði á vinstri afturhurð, og því var ekki hægt að læsa henni á venjulegan hátt. Ég gat opnað bifreiðina þannig, að ég stakk fingri inn í gatið, þar sem húninn átti að vera, og gat á þann hátt ýtt læsingarjárninu til, svo að hurðin opnaðist. Þeir, sem þekkja til bifreiða og læsinga á þeim, vita um það, hvernig var hægt að opna bifreiðina. Er ég hafði gengið frá bifreiðinni á framangreindan hátt, fór ég á dansleik í Þórskaffi. Að dansleiknum loknum fór ég niður á plan Hreyfils við Kalkofnsveg. Lenti ég þar í handalögmálum við mann, er Einar Hjaltason heitir og er frá Keflavík. Í áflogum þessum hlaut ég glóðarauga á bæði augu. Næsta morgun, er ég vaknaði, voru augu mín bólgin og blá, þannig að ekki var nokkur leið, að ég gæti sinnt atvinnu minni. Ég var heima hjá mér laugardaginn 19. og sunnudaginn 20. marz. Mánudaginn 21. marz fór ég til Guðmundar Björnssonar læknis, og leit hann á augu mín. Ég var á lækningastofunni frá því kl. 15.30 til 17.00. Guðmundur Björnsson læknir, hefur gefið svohljóðandi vottorð, dagsett 24. marz 1960: „Það vottast hér með, að Sveinn Bjarnason, Seljavegi 5, Reykjavík, leitaði til mín 21. marz, 1960 (síðari hluta dags) vegna glóðarauga á báðum augum.“ Er ég losnaði af lækningastofunni, fór ég á kvikmyndasýningu í Nýja-bíó, er hófst kl. 17.00. Að lokinni sýningunni fór ég heim til mín. Um kl. 21 sama kvöld fór ég í húsið nr. 36 við Lindargötu, en þar býr fyrrverandi eiginkona mín ásamt börnum okkar. Á leið minni þangað sá ég, að bifreið mín stóð enn á bílastæðinu við Þjóðleikhúsið, þar sem ég hafði lagt henni á föstudaginn. Ég var heima hjá fyrrverandi eiginkonu minni og börnum þar til kl. um 10 að morgni miðvikudagsins hinn 23. marz, en þá fór ég heim til mín til þess að sækja kveikjulaslyklana að bifreiðinni og síðan upp að Safnhúsi til að sækja bifreiðina, en þá var hún horfin.

Er ég kom að bifreiðinni upp í Hvalfirði, sá ég, að ekki hafði verið tengt beint á vélina, því að auðséð var á kveikjúlásnum, að honum hafði verið snúið með lykli. En ég veit ekki til þess, að aðrir en ég hafi lykla að bifreið minni. Ég átti bifreiðina einn, og ekki hvíldu á henni aðrar skuldir en kr. 7.000.00, er ég skulda Lánasjóði bifreiðarstjórafélags Hreyfils. Einnig skulda ég Guðbjarti Pálssyni, Eskihlíð 16B, kr. 10.000.00, en sú skuld er ekki beint í sambandi við bifreiðina, þótt þessir peningar hafi runnið til hennar að mestu. Ég harðneita að hafa snert bifreiðina, R 6750, frá því á föstudagskvöldið hinn 18. marz, er ég lagði henni á áðurgreint bílastæði, og hefi engan grunaðan um þjófnaðinn.“

Fimmtudaginn hinn 24. marz s. á. talaði Kristján Sigurðsson lögreglumaður við Jóhönnu Árnadóttur, Lindargötu 36, fyrrverandi eiginkonu stefnanda. Aðspurð sagði hún Kristjáni, að stefnandi hefði komið til sín seint að kveldi mánudagsins 21. marz s.l. og dvalizt hjá sér þar til á miðvikudagsmorgun, um kl. 10.00. Þá fór hann út og ætlaði að ná í bifreiðina og koma fljótlega aftur og fara inn í Laugarnes fyrir Jóhönnu, en hann kom þá ekki aftur. Jóhanna kveðst hafa farið út um kl. 21.00 á þriðjudagskvöldið hinn 22. marz, og hafi hún þá séð bifreið stefnanda á bílastæðinu við Þjóðleikhúsið. Jóhanna fullyrti, að stefnandi hefði ekkert farið út á því tímabili, er hann var hjá henni, en hún kveðst hafa farið út bæði á þriðjudag og þriðjudagskvöld.

Miðvikudaginn 23. marz s. á. hafði lögregluþjónninn Einar Halldórsson ásamt lögregluþjóni nr. 32 tal af móður stefnanda að heimili hans Seljavegi 5. Kvað hún stefnanda ekki heima. Sagði hún, að hann hefði farið að heiman um kl. 11.30 f. h. og sagzt ætla að fara að aka bifreið sinni, sem átti að hafa verið geymd við Arnarhólstún frá því á aðfaranótt síðastliðins laugardags. Hún sagði stefnanda hafa verið heima síðastliðna nótt, þ. e. miðvikudagsnóttina, vegna lasleika, og hann muni hafa setið eitthvað að vín-drykkju um síðastliðna helgi.

Guðbjartur Pálsson bifreiðasali, Eskihlíð 16B, hefur skýrt rann-sóknarlögreglunni svo frá:

„Miðvikudagsmorguninn hinn 23. marz kom Ragnar Thorvald-sen, Framnesvegi 34, til mín á bifreiðasöluna og sagði mér, að hann hefði frétt, að bifreiðin R 6750 hefði fundizt niðri í fjöru undir Múlafjalli í Hvalfirði. Ég þekkti vel Svein Bjarnason, er venju-lega ekur þeirri bifreið, og datt mér strax í hug, að Sveinn hefði verið með bifreiðina. Hringdi ég því til móður hans, sem tjáði mér, að hann væri nýfarinn að heiman. Ég ók þá áleiðis heim

til stefnanda, ef ske kynni að ég mætti honum, en svo var ekki. Ég spurðist einnig fyrir um stefnanda, en án árangurs. Fór ég þá aftur á bílasöluna, en skömmu síðar, um kl. 11.30, kom stefnandi til mín og sagði mér, að bifreið sinni hefði verið stolið. Ég hringdi þá strax til Sveins Sæmundssonar yfirlögregluþjóns og sagði honum frá þjófnaðinum á bifreiðinni. Mér er ókunnugt um ferðir stefnanda síðustu daga, áður en ég hitti hann umræddan dag.“

Ragnar Thorvaldsen leigubifreiðastjóri hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá: „Á miðvikudagsmorguninn, um kl. 10.00, fór ég inn á veitingastofuna í Aðalstræti 8 og fékk mér kaffi. Meðan ég var staddur þar, komu þar inn maður og kona. Kannaðist ég við manninn í sjón, en veit ekki nafn hans. Maðurinn sagði mér, að hann hefði verið á ferð um Hvalfjörð um morguninn og séð bifreiðina R 6750, þar sem hún lá niðri í fjöru undir Múlafjalli. Ég kom þessu númeri ekki fyrir mig og skildi við nefndan mann, án þess að ræða frekar við hann. Er ég kom út af veitingastofunni, var ég að reyna að koma því fyrir mig, hver æki umræddri bifreið, og mundi þá, að stefnandi var með þessa bifreið. Ég fór svo niður á bílasölu Guðbjarts Pálssonar í Varðarhúsinu og sagði honum frá því, sem ég hafði frétt. Ég þekki stefnanda og sá hann miðvikudaginn 23. marz, um hádegis, niðri á bílasölu Guðbjarts Pálssonar, en þar áður hafði ég séð hann einhvern tíma í síðastliðinni viku.“

Guðmundur Erlendsson rannsóknarlögreglumaður hefur gefið svofellda skýrslu: „Miðvikudaginn 23. marz 1960, um kl. 12.45, fór ég ásamt Sveini Bjarnasyni, en hann er eigandi bifreiðarinnar R 6750, sem stolið var úr bænum í gær, upp í Hvalfjörð. Þar fannst bifreiðin oltin út af veginum. Í bifreiðinni með okkur Sveini voru þrír aðrir bílstjórar. Bifreiðin R 6750, sem er af Kaiser gerð, svört á lit, lá á hvolfi niðri í fjöru, um 35—40 metra frá veginum. Í vegkantinum voru för í veginum, er gáfu til kynna, að hún hafði verið á leið til Reykjavíkur, er hún fór út af veginum, og virtist mér, sem hún hefði verið á lítilli ferð. Bifreiðin hefur farið nokkrar veltur, áður en hún staðnæmdist í fjörunni, en ekki er unnt að segja, hve margar. Ég tók nokkrar ljósmyndir af bifreiðinni. Enginn kveikjúláslykill var í bifreiðinni, en af stöðu kveikjúlássins mátti sjá, að lykill hafði verið notaður. Mér láðist að aðgæta, í hvaða gír bifreiðin var. Ekki gat ég annað séð en bifreiðin væri gerónýtt.“

Ýmsir fleiri voru yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglunni í sambandi við mál þetta, en ekki þykir ástæða til að rekja það nánar í dómi þessum, þar eð ekki tókst að upplýsa, hver valdur var að verknadini.

Samkvæmt beiðni rannsóknarlögreglunnar fór fram athugun á kveikjúlás bifreiðarinnar, R 6750, hinn 27. september 1960. Þá athugun framkvæmdu bifreiðaeftirlitsmennirnir Hörður Jónsson og Magnús Wíum, að viðstöddum tveimur lögreglumönnum. Við athugun þessa kom í ljós, að unnt var að opna kveikjúlásinn með nokkrum lyklum af mismunandi gerðum.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

1. Skaðabætur vegna skemmda á bifreiðinni kr. 83.000.00
2. Bætur fyrir atvinnutjón — 54.000.00

Alls kr. 137.000.00

Um 1.

Stefnandi reisir kröfu sína samkvæmt þessum lið á því, að bifreiðinni hafi verið stolið og velt þannig, að hún geryðilagðist. Bifreiðin hafi verið í löglegri kaskótryggingu hjá stefnda, er tjónið varð, og váttryggingariðgjöld hafi verið greidd skilvíslega. Tryggingin taki til þess háttar tjóns, er varð á bifreiðinni, og beri stefnda því að greiða sér kr. 83.000.00, en það er mismunurinn á tryggingarupphæðinni, sem er kr. 90.000.00, og á núverandi verðmæti bifreiðarinnar, er stefnandi telur vera kr. 7.000.00. Stefndi byggir sýknukröfu sína á þessum lið á því, að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlega óvarkárni með því að skilja bifreið sína eftir á nefndu bílastæði og láta hana standa þar dögum saman í hirðuleysi, þrátt fyrir það að stefnanda væri kunnugt um, að mjög auðvelt var að komast inn í bifreiðina, eins og læsingu vinstri afturhurðar hennar var háttað. Þetta tiltæki stefnanda hafi leitt til þess, að henni var stolið og hún ónýtt. En samkvæmt 10. grein hinna almennu váttryggingarskilyrða, er prentuð séu aftan á tryggingarskírteini bifreiðarinnar, séu skemmdir, er stafi af stórkostlegri óvarkárni, undanskildar ábyrgð félagsins. Verði ekki litið svo á, að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlega óvarkárni, þá krafðist stefndi þess til vara við munnlegan flutning málsins, að váttryggingarupphæðin yrði lækkuð um 25% samkvæmt 12. grein, 3. málsgrein, hinna almennu váttryggingarskilyrða, er segir: Hafi váttryggði valdið

tjóninu af óvarkárni, sem þó ekki má telja stórkostlega (sbr. 10. gr.), má félagið draga allt að 25% frá skaðabótunum.

Ekki verður talið, að framangreind hegðun stefnanda feli í sér stórkostlega óvarkárni, en þegar þess er gætt, hversu auðvelt hefur verið að komast inn í bifreið stefnanda, eins og læsingarútbúnaði hennar var háttað, verður ekki hjá því komizt að telja það gálaust af honum að skilja bifreiðina eftir í hirðuleysi á oftnefndu bílastæði dögum saman. Að vísu er ekki sannað, inn um hvaða dyr þjófurinn hefur farið, en eins og málum er hér háttað, verður að skýra þann vafa stefnanda í óhag. Þykir af þessum sökum verða að lækka nokkuð bætur til stefnanda. Með hliðsjón af 3. málsgrein 12. greinar hinna almennu váttryggingarskilyrða þykir rétt að lækka bætur til stefnanda um $\frac{1}{4}$ hluta. Þannig ber stefnda að greiða stefnanda kr. 62.250.00 samkvæmt þessum kröfulið. Hafa þá áður verið dregnar frá váttryggingarupphæðinni þær kr. 7.000.00, er stefnandi telur ræfil bifreiðarinnar verðan, enda hefur stefndi ekki mótmælt því mati stefnanda.

Um 2.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 1. febrúar s.l., var þessum lið vísað frá dómi ex officio vegna vanreifunar. Umboðsmaður stefnanda hefur lýst því yfir, að hann muni ekki kæra þennan dóm.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 62.250.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. apríl 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 7.400.00 í málskostnað.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Váttryggingafélagið h/f, greiði stefnanda, Sveini Bergmann Bjarnasyni, kr. 62.250.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. apríl 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 7.400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
